
2. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 8. FEBRÚAR 2023

Mættir: Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Dóra Jónsdóttir fulltrúi kennara, Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir fulltrúi foreldra, Eyþór Elvar Þórarinsson fulltrúi nemenda.

Dagskrá skólaráðsfundar:

- Skóladagatal næsta skólaárs
- Uppbrotisdagar
- Foreldrafélag og foreldrasamstarf
- Önnur mál

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 8. febrúar kom skólaráð saman á fjarfundi til 2. fundar skólaársins 2022-2023.

Fundarefni:

1. Skóladagatal

Aðstoðarskólastjóri fór yfir drög að skóladagatali fyrir árið 2023-2024. Skóladagatal fyrir leik- og grunnskóla í Garðabæ er samræmt. Skóladagar nemenda í grunnskólum eru 180 og eru sérstakir skipulagsdagar kennara á starfstíma nemenda 5 talsins sem dreifast yfir vikudagana. Aðrir skipulagsdagar eru 8 og eru að hausti (6) fyrir skólasetningu og að vori (2) eftir skólaslit. Foreldra- og nemendaviðtalsdagar eru einnig samræmdir á milli skóla í bænum. Við skipulag skóladagatalsins er horft til þess að skipulagsdagar og nemenda- og foreldraviðtalsdagar dreifist á vikudagana.

Eins og í fyrra óska leik- og grunnskólastjórnendur eftir því að 1 skipulagsdagur á starfstíma skóla sé ekki sá sami hjá leik- og grunnskólum þar sem þörfin er ólík á milli þessara tveggja skólastiga. Grunnskólar óska eftir skipulagsdegi í maí en leikskólar í apríl. Rökstuðningur fyrir því er að leikskólar nota skipulagsdaginn á vorin til að gera upp skólárið, undirbúa útskrift barnanna og meta skólastarfið. Leikskólar eru einnig opnir allt árið og orlofstímabilið byrjar 15. maí bæði hjá börnum og starfsfólki og því er nauðsynlegt að vera með skipulagsdaginn í lok apríl. Grunnskólar óska eftir því að hafa skipulagsdaginn í maí þar sem þessi dagur er nýttur við lokafrágangs námsmats og undirbúning skólaslita og útskriftar nemenda.

Skólaráði gefst tækifæri til að fara yfir drög að skóladagatalinu áður en það er lagt fyrir skólanefndina og koma með athugasemdir. Skólaráð Sjálandsskóla samþykkti drög að skóladagatalið 2023-2024 án athugasemda.

2. Uppbrotisdagar

Í framhaldi af styttingu vinnuviku kennara og framkvæmd hennar var farið þá leið að skipuleggja tvo nýja uppbrotisdaga í janúar sem fengu heitið umhverfis- og mannréttindadagar. Kennarar í Sjálandsskóla völdu þá leið að taka styttingu vinnuviku út í 3 heilum uppbrotisdögum (haustferð/íþróttadagur, vorleikar/fjallganga, umhverfis- og mannréttindadagar) og tveimur hálfum dögum (öskudagur og jólaskeið) ásamt einum skipulagsdegi í vetrarleyfi. Allir þeir fjórir uppbrotisdagar sem eru búnir á þessu skólaári hafa gengið vel. Á umhverfis- og mannréttindadögum voru ýmis verkefni unnin og var horft til þess að hver árgangur myndi vinna með eitt þema, annað hvort umhverfið eða mannréttindi og á næsta ári yrði það öfugt. Einnig var skipulagið unnið út frá því að það væri hægt að styðjast við það ár frá ári. Mörg áhugaverð verkefni voru unnin þessa daga, t.d. voru útbúin hljóðfæri úr plasti og saumaðir fjölnota pokar sem voru gefnir á Bókasafn Garðabæjar. Nokkrir árgangar fengu einnig góða heimsóknir frá Landvernd og Unicef.

Næstu uppbrotisdagar í skólanum eru skíðaferðir og er skíðaferð yngsta stigs áætluð á morgun, fimmtudaginn 9. febrúar en skíðaferð miðstigs sem var áætluð í gær, þann 8. febrúar hefur verið frestað fram í mars vegna veðurs. Skíðaferð Klakans er einnig á dagskrá í mars.

Öskudagur verður hefðbundinn með þeim hætti að nemendur fara á milli stöðva í skólanum og fá nammi í poka í lok dags. Eins og undanfarin ár mun skólinn óska eftir sælgæti frá forráðamönnum.

Allir árgangar í Sjálandsskóla fara í sameiginlegt lestrarátak dagana 27. febrúar – 6. mars, hver bekkur safnar poppbaunum í krukku fyrir heimalestur og yndislegur. Í lok átaks verður krukkanum stillt upp á bókasafninu þar sem hægt verður að sjá hversu mikið hver bekkur las.

3. Foreldrafélag og foreldrasamstarf

Foreldrafélagið hélt aðalfund í október og náðist því miður ekki að fullmanna stjórn félagsins, þrjár fulltrúar eru í stjórn. Skólinn á ekki fulltrúa, eins og er í grunnstoðum Garðabæjar. Í framhaldi af aðalfundi var fræðsluerindi fyrir foreldra í skólanum og mættu einungis fimm foreldrar.

Mikil ánægja var í foreldrahópnum með jólasamveru í morgunsöng. Umræða um að bjóða næst upp á kaffi á heimasvæðum nemenda til að efla tengsl foreldra innan bekkja.

Umræða um að hafa foreldrakaffi eftir leiksýningar sem eru á dagskrá hjá mörgum árgöngum.

Foreldrafélagið stefnir á að hafa aftur umhverfisdag í vor með svipuðu fyrirkomulagi og var sl. vor þar sem félagið óskaði eftir styrk frá bænum sem fór til Klakans.

Umræða og hugmyndaleit um fræðsluerindi fyrir foreldra á vorönn.

Fundargerð ritaði:

Ósk Auðunsdóttir